



Reykjavík, 8. nóvember 2012

Til fréttastjóra.

Vinsamlegast birtið meðfylgjandi frétt við fyrsta tækifæri. Við getum sent ykkur ljósmyndir. Þá er tilvalið að heimsækja á föstudeginum eða laugardegi eitthvað skjalasafn, til dæmis hér á stórhöfuðborgarsvæðinu eru Þjóðskjalasafn, Borgarskjalasafns og Héraðsskjalasafn Kópavogs en það safn opnaði í nýjum og glæsilegum húsakynnum í haust. Umræðan um Landakotsskóla og bresti í skjalavörslu þar hefur sýnt fram á mikilvægi þess að hafa skjalavörsluna í lagi og söfnin leiðbeina um skjalavörslu og hafa eftirlit með henni, auk þess að varðveita eldri skjöl.

Nánari upplýsingar veita Eiríkur G. Guðmundsson settur þjóðskjalavörður og sviðsstjóri upplýsingasviðs, eirikur@skjalasafn.is (sími 820-3330), Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður, svanhildur.bogadottir@reykjavik.is (sími 664-7775) og Benedikt Eypórsson skjalvörður, benedikt.eythorsson@skjalasafn.is í síma 590 3300 (Þjóðskjalasafn Íslands).

Með kveðju

f.h. undirbúningsnefndar norræna skjaladagsins,

Benedikt Eypórsson
Þjóðskjalasafn Íslands



FRÉTTATILKYNNING

8. nóvember 2012

Hve glöð er vor æska

Ný vefsíða fer í loftið í tilefni af norræna skjaladeginum 2012

Norræni skjaladagurinn verður haldinn hátíðlegur á öllum Norðurlöndum laugardaginn 10. nóvember nk. Í ár er þema dagsins *Íþrótta- og æskulýðsstarf á 20. öld* og er það við hæfi á 100 ára afmælisári Íþrótta- og ólympíusambands Íslands. Markmiðið með deginum er að vekja athygli á hinu margþætta starfi opinberu skjalasafnanna og þeim fjársjóði skjala sem þau varðveita. Flest söfnin taka þátt í deginum með einum eða öðrum hætti og kynna sérstaklega þann safnkost sem þau varðveita frá íþróttafélögum og æskulýðssamtökum, sem er áhugaverður efniviður til hvers konar rannsókna. Þá vilja þau hvetja félög og einstaklinga til þess að koma skjölum frá slíku starfi til varðveislu í skjalasöfnum, þar sem þau verða aðgengileg og halda nafni viðkomandi félaga og samtaka á lofti.

Sameiginlegur vefur

Líkt og fyrri ár sameinast hin opinberu skjalasöfn landsins um sameiginlegan vef til kynningar á skjaladeginum og áhugaverðu efni tengdu þema hans. Settur hefur verið upp sérstakur vefur og er slóð hans www.skjaladagur.is. Þar er að finna fjölmargt efni sem söfnin hafa dregið fram í dagsljósið og tengjast íþrótta- og æskulýðsstarfi með ýmsu móti. Má þar nefna umfjöllun um starfsemi skáta, ungmennafélaga og vélhjólaklúbba, svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að skoða svipmyndir af glímum, knattspyrnuleikjum, sundæfingum og ýmsum íþróttamótum. Hversu margir vita af því að til er íþróttagagnasafn? Skjaladagsvefurinn veitir lifandi innsýn í fjölbreytilega æskulýðsstarfsemi á öldinni sem leið og þann fjársjóð sem varðveitur er í Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum tuttugu.

Á skjaladagsvefnum má einnig fræðast um skjaladaginn sjálfan og skjalasöfnin sem að honum standa. Þar er einnig dagskrá um atburði sem söfnin standa fyrir í tilefni dagsins. Á skjaladaginn, laugardaginn 10. nóvember nk., verður brugðið upp á vefnum lauflettri getraun úr efni vefsins og eru verðlaun í boði fyrir rétta úrlausn.